

**183. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
21. desember 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2012038 - Skipulag Breið - Breiðarsvæði**

Vettvangsferð á Breið í boði Breið Þróunarfélags.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar forsvarsmönnum Breið þróunarfélags góða kynningu. Undirbúningur verði hafinn að skipulagsvinnu á Breið í samstarfi við þróunarfélagið.*

**2. 2006294 - Deiliskipulag Smiðjuvalla - Kalmansvellir 6**

Lagðar fram hugmyndir Akraborgar um framtíðarstarfsemi sína á Akranesi.

*Skipulags- og umhverfisráð fór yfir framtíðaráform fyrirtækisins á Akranesi. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram í samstarfi við forsvarsmenn fyrirtækisins.*

**3. 2001125 - Innanbæjarstrætó - frístundastrætó**

Framlenging á samningi við innanbæjarstrætó.

*Ólafur Adolfsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að samningur um frístundastrætó verði framlengdur til 30. september 2021.*

*Samþykkt 2:0, RBS og GS.*

**4. 2007072 - Hlynskógar - beiðni um að loka götu**

Umferðarmál Hlynskógar / Asparskógar.

*Gatnakerfi Skógahverfis er skipulagt sem samfellt gatnakerfi, en ekki sem kerfi safngatna og botnlanga.*

*Skipulags- og umhverfisráð getur því ekki orðið við beiðninni.*

**5. 2011251 - Vogabraut 44 bílastæði - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn um heimild til að setja bílastæði innan lóðar, skv. meðfylgjandi uppdrætti.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi hugmyndir um bílastæði innan lóðar á Vogabraut 44.*

**6. 2012145 - Deiliskipulag Dalbraut - Þjóðbraut - breyting á deiliskipulagi**

Fyrstu drög að breytingu á deiliskipulagi Dalbraut - Þjóðbraut.

*Árni Ólafsson arkitekt fór yfir fyrstu drög að breyttu skipulagi. Skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna góða kynningu. Samþykkt að kynna fyrirbyggjandi hugmyndir í bæjarstjórn á nýju ári.*

**7. 1912036 - Málefni Sorpurðunar Vesturlands**

Skýrsla Sorpurðunar Vesturlands.

*Skýrsla lögð fram.*

**8. 1905352 - Þjóðbraut 13 - Þorpið**

Endurbætur á lóð Þjóðbrautar 13.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi endurbætur á lóð við Þjóðbraut 13.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:40.**